

**Ed.**

**290. Frumvarp til laga**

[116. mál]

um afnám laga nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Lög nr. 54 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, skulu úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Um skeið þótti eigi henta að láta ákvæði laga nr. 30 20. október 1913, um umboð þjóðjarða, koma til framkvæmda um Múlasýsluumboð. Voru því sett lög nr. 54 31. maí 1927, um breyting á nefndum lögum, og skipaður sérstakur umboðsmaður fyrir Múlasýsluumboð. Nú eru slíkar ástæður eigi fyrir hendi, og þykir því bezt henta að láta lögín um umboð þjóðjarða frá 1913 einnig gilda um þjóðjarðir í Múlasýsluumboði og nema hin nefndu lög, nr. 54 31. maí 1927, úr gildi.